

REGLUGERÐ

40

6. marz

um breyting á reglugerð nr. 4 2. janúar 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

1. gr.

Aftan við 32. gr. bætist: Heimilt er framkvæmdanefnd, með árlegu samþykki landbúnaðarráðherra, að fella niður vaxta- og jarðarafgjaldsstyrk að nokkru eða öllu leyti hjá þeim bændum, sem nefndin telur ekki ástæðu til að veita þessa styrki.

2. gr.

Í stað orðsins „skal“ í 2. mgr. 39. gr. komi orðið: má.

3. gr.

Aftan við 39. gr. bætist: Til viðbótar þeim rétti til uppeldisstyrks, sem menn fá á þennan hátt, skal veita þeim bændum, sem áttu færri en 60 ær þegar veikin kom í féð, rétt til auka-uppeldisstyrks á 1--20 lömb, og búlausum, sem áttu færri en 30 ær þegar veikin kom, rétt til auka-uppeldisstyrks á 1 til 10 lömb, og skal réttur þessi veittur án tillits til þess, sem hlutaðeigendur kunna að hafa misst. Sama gildir og um menn, sem byrja að eiga kindur á bæjum, þar sem veikin er í fénu. Styrkur verður greiddur jafnóðum og lömb eru sett á.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

41

8. marz

til viðauka við fiskveiðasamþykkt fyrir Akraneskaupstað frá 3. marz 1942.

Aftan við 1. gr. fiskveiðasamþykktar fyrir Akraneskaupstað, frá 3. marz 1942, komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Sá róðrartími, sem tiltekinn er í þessari grein, er miðaður við hinn íslenska meðaltíma.

Nú ákveður Stjórnarráð Íslands sérstakan sumartíma, flýtir réttir klukku og vikur þannig frá íslenskum meðaltíma, og breytist þá samtímis hinn tiltekni róðrartími samkvæmt þessari grein, þannig, að róðrartíminn fylgir jafnan hinum rétta íslenska meðaltíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 9 28. febrúar 1942, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.